


Tekin hefur verið ákvörðun um að Handverkshátíðin verður ekki haldin með sama sniði í ár. Haldinn hefur verið fundur með öllum félögum sem áttu fjárhagslegan ávinning af hátíðinni og ljóst að viðburðurinn var orðinn of stór og tímafrekur fyrir þann takmarkaða hóp sjálfboðaliða sem sinntu lykilhlutverkum. Á fundinum kom þó fram mikill vilji til að halda áfram með einhverskonar viðburð í sveitarfélaginu og nokkrar hugmyndir ræddar en ákveðið að boða til íbúafundar til að fá virkt samtal við íbúa um áframhaldið.

Díana Jóhannsdóttir hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) fékk það hlutverk að halda utan um netkönnun sem var send út og að stýra opnum fundi þar sem unnið dregnar voru fram hugmyndir íbúa um viðburðahald í Eyjafjarðarsveit.

Einföld netkönnun var gerð og þar sem spurt var út í hvernig viðburð íbúar vildu hafa í boði, en jafnframt var spurt hvernig viðburð svarendur vildu standa fyrir. 92 einstaklingar svöruðu könnunni og var yfirgnæfandi meirihluti þeirra íbúar í sveitinni.

Q2 Hvernig viðburð vilt þú sjá í Eyjafjarðarsveit?



Þegar spurt var hvernig viðburð vilt þú sjá í Eyjafjarðarsveit komu mjög mörg svör en flestir völdu:

Matarmarkaður (72%)
Handverkmarkaður (60%)
Leiki og íþróttir fyrir börn (56%)
Námskeiðshald í handverki og matvælagarð (53%)

Aðrir valkostir voru einnig valdir þótt enginn þeirra hafi farið yfir 50%.

Undir "Annað" komu fram aðrar tillögur líkt og Sveitaball, uppskeruhátíð og Víga Glúmur.

Í könnunni var jafnframt spurt hvernig viðburð svarendur myndu vilja stuðla að og jafnvel framkvæma. Nokkuð fjölbreyttar hugmyndir voru settar fram í þeim svörum en töluvert var minnst á handverks- og matarmarkaði, uppskeruhátíð og síðan leiki og skemmtanir fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Í lok könnunarinnar var spurt hvort það væri eitthvað fleira sem svarendur vildu koma á framfæri og kom þar nokkuð skýrt fram sú togsteita sem hefur verið vegna Handverkshátíðarinnar og þeirri miklu vinnu tengdist hátíðinni og síðan eftirsjá eftir þeim flotta viðburði.

Í framhaldi af könnunni var boðað til opins fundar og var hann haldinn 12. apríl í mótuneyti Hrafnagilsskóla. Góð mæting var á fundinn en um 40 manns mættu og tóku þátt í umræðum. Á fundinum voru kynntar niðurstöður úr netkönnuninni en jafnframt voru erindi frá sveitarfélaginu og frá fulltrúa félaganna sem stóðu að Handverkshátíðinni. Þá var María Pálsdóttir með hugvekjum um lífið í sveitinni áður en farið var í opnar umræður þar sem lögð var áhersla á að svara meðal annars eftirfarandi spurningum:

- Hvernig viðburð vilja íbúa sjá í sveitarfélaginu?
- Fyrir hverja viljum við halda viðburð?
- Er hægt að byggja á núverandi viðburðum?
- Hver gæti verið leiðandi aðili fyrir nýjan viðburð?

Fundagestir voru sammála niðurstöðum netkönnunar að gaman væri að vera með fjölbreytta viðburði og að líklega væri annars vegar verið að ræða viðburði sem dragi gesti í sveitina og hins vegar einhverskonar skemmtun eða uppskeruhátíð fyrir íbúa.

Skýr áhersla var á fundinum að reyna að tengja betur saman þá viðburði sem nú þegar eru á dagskrá og frekar að bæta við þá. Var sérstaklega nefndur viðburður ferðamálafélagsins “Opnar dyr” en sá viðburður er núna tvisvar á ári og mjög auðvelt að bæta við og útvíkka þá viðburði. Þá var einnig tilgreind Hrafnagilshátíðin sem kvenfélagið lðunn stóð fyrir á síðasta ári.

Í umræðunum var horft til þess að halda “regnhlífaviðburði” um það bil fjórum sinnum á ári þar sem félögin gætu meðal annars auðveldlega tengt fjáröflunarviðburði við. Jafnframt var rætt að ef til vill væri skemmtilegt að þema tengja þessa viðburði, var þar rætt um mat og handverk, heilsu, uppskeru. Þá var rædd nauðsyn þess að “gera eitthvað fyrir okkur sjálf” og var til gaman rætt um viðburðinn “Lokaðar dyr” þar sem íbúar koma saman og skemmta sér saman sjálfir.

Engar endanlegar ákvarðanir voru teknar á íbúafundinum en á honum komu svo sannarlega fram skýrar áherslur um næstu skref.

Díana Jóhannsdóttir
Verkefnastjóri SSNE
diana@ssne.is